

Til nefndasviðs Alþingis, velferðarnefnd.  
 Umsögn um 393. mál, stjórnarfrumvarp heilbrigðisráðherra.  
 Þingskjal 521, 149. löggjafarþing 2018-2019

Sendandi: Málefnaþingur kristinna stjórnmalasamtaka (MKs).

Reykjavík 22. janúar 2019.

MKs gerir athugasemdir við eftirfarandi kafla og greinar frumvarpsins:

**Við I. kafla 1. grein um markmið þess „að tryggja sjálfsforræði kvenna til þungunarrofs“:**

- 1) Þar sem réttindi fóstura virðast aukast aðeins í réttu hlutfalli við lífslíkur þeirra og ennfremur vegna þess að engin rannsókn á hugsanlegum algildum og tímalausum réttindum þeirra sem okkur er kunnugt um hefur farið fram ætlum við að í orðalagi þessarar greinar sé hallað á réttindi fóstura. Við hvetjum því alþingismenn til að láta fara fram úttekt eða rannsókn á mögulegum mannréttindum fóstura áður en frumvarpið verður að lögum.

Í þessu sambandi minnum við á hina kristnu trú á tilvist eilífrar sálar mannsins: „Þá myndaði Drottinn Guð manninn af leiri jarðar og blés lífsanda í nasir hans, og þannig varð maðurinn lifandi sál“. 1. Mósebók 2,7. Mikilvægur þáttur í þessari sýn er að við viljum búa í siðuðu kristnu samfélagi og við viljum ekki að lífi barna sé fórnað að geðþótta foreldris. Ekkert réttlætir það í raun, nema að lífi móður sé stefnt í hættu. Grískir heimspekingar eins og Pyþagoras og Herakleitos kenndu að sál mannsins væri eilíf. Þessar kenningar tileinkar gríski heimspekingurinn Sókrates sér á 5. öld f. Kr. og á grundvelli þeirra „mótar hann og gefur svip sinn því hugtaki sem Vesturlandþjóðir hafa síðan í hálf t þriðja árþúsund átt við með hugtakinu sál“ Gunnar Dal (1957). *Sókrates*. Það ætti engum að koma á óvart þó trú á ódauðlega sál móti afstöðu manna þar sem trúfrelsi er tryggt í stjórnarskrá. Skoðanir og sjónarmið byggðar á trúarlegum forsendum eru ekki síðri eða minna verðar en aðrar því mannréttindi trúar eru ekki minna virði en önnur mannréttindi.

Draumar um sálir látinna fóstura koma fyrir í frásögnum kvenna sem farið hafa í fósturdeyðingu. Hér er gripið niður í bókinni *Rof. Frásagnir kvenna af fóstureyðingum*. Höf. Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir.

Marta: „Síminn hringdi og í símanum var systir mín búsett á landsbyggðinni. Hana hafði dreymt að pabbi kæmi til hennar með lítið barn á handleggnum. Hvort hann sagði að ég ætti það man ég ekki en hún tengdi þetta við mig, skýr draumur og hún spurði mig hvort ég væri ófrísk. Ég svaraði auðvitað að ég hefði farið í fóstureyðingu. ... ég hugsa oft til þessa fósturs, hver sá einstaklingur væri í dag. Enn er ég með samviskubit yfir þessari ákvörðun, þó ég sjái ekki beint eftir þessu þá myndi ég *aldrei* gera þetta aftur. Því ekkert er stórkostlegra en að eignast börn og sjá þau verða að mönnum.“ Bls. 29.

Ólöf: „Eftir aðgerðina spáði ég ekki mikið í þetta og lokaði eiginlega alveg á það. Mig dreymdi samt af og til eftir þetta með löngu millibili, lítinn strák sem kallaði mig mömmu, og það tók svolítið á mig.“ Bls. 42.

Pála: „Þegar ég hugsa um litlu veruna er hún alltaf í kvenkyni. ... Þegar mig hefur dreymt hana

hefur hún alltaf verið með lokuð augun, hreyfingarlaus í hnipri en samt afskaplega friðsæl, böðuð laxableikum bjarma. Hún sefur alltaf í draumum mínum. Líklega vegna þess að hún vaknaði aldrei.“ Bls. 190.

Sérhvert fóstur hefur sérstakt erfðamengi og er manneskja hvernig sem málið er hugsað. Lífinu sem er eytt, er til að mynda annaðhvort líf drengs eða stúlku. Það er ekki hægt að komast hjá þeim dómi að fóstureyðing sé í raun aftaka mannlegs lífs.

Algengt andsvar er að spyrja, hvort konan eigi ekki að hafa yfirráðarétt yfir eigin líkama. Svarið við því hlýtur að vera játandi, en takmarkast af því að hún þurfi ekki að taka annað líf til að ráða yfir sér. Því fóstur í móðurkviði er ekki hennar líf, heldur líf annarrar manneskju með annað erfðamengi, taugakerfi, blóðrás, hjarta og öll líffæri. Öll líffæri hafa myndast á fyrsta þriðjungi meðgöngu og er því ekki um fósturvísi að ræða lengur. Hjartað er farið að starfa fyrir 25. dag meðgöngu og hjartsláttur sést við ómskoðun á 6.-7. viku.

Í þessu sambandi minnum við einnig á það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fjallað um fósturdeyðingu í dómum sínum en þó ekki tekið skýrt af skarið varðandi réttindi fósturs á grundvelli 2. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eða réttindi kvenna til fósturdeyðinga sem byggist á 8. gr. sáttmálans eða öðrum ákvæðum sáttmálans heldur vísað til svigrúms ríkjanna til þess að setja sér löggjöf á umræddu sviði til samræmis við sáttmálann. Ennfremur minnum við á ályktun þings Evrópuráðsins 1607 (2008) þar sem það áréttar að fósturdeyðing geti ekki á nokkurn hátt verið álitin fjölskylduáætlunartæki, að fósturdeyðingu eigi að forðast eftir fremsta megni og að beita eigi öllum mögulegum leiðum sem samræmast réttindum kvenna til að takmarka fjölda óráðgerðra þungana og fósturdeyðinga.

- 2) MKs tekur undir samning Sameinuðu þjóðanna um afnám mismununar gegn konum en telur að með orðalagi I. kafla 1. greinar halli á hagsmuni feðra. Þar er notað orðalagið: „Markmið laga þessara er að tryggja að sjálfsforræði kvenna sem óska eftir þungunarrofi sé virt með því að veita þeim öruggan aðgang að heilbrigðisþjónustu í samræmi við ákvæði laganna.“ Markmiðið er eitt og aðeins eitt; að tryggja sjálfsforræði kvenna og ekki minnst á mögulega skörun réttinda við annan rétt s.s. fóstura eða feðra. Í raun mætti ætla að þetta orðalag heimilaði að bundinn yrði endi á líf fósturs allt fram að fæðingu ef ekki kæmi til sérstök grein sem takmarkaði verknaðinn við 22. viku. Ef frumvarpið yrði að lögum þá myndi hið sérstaka viðfangsefni og markmið tryggja að hin nýju lög myndu vega þyngra en almenn og eldri lög um allt sem viðkemur þessum sérstöku málefnum svo sem jafnréttislög svo tekið sé dæmi.

Við tókum fram að í þessu samhengi erum við ósammála því að draga of víðtækar og almennar ályktanir af niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Bosso gegn Ítalíu nr. 50490/99 frá 2002 að réttindi mögulegs verðandi föður í tengslum við fósturdeyðingu skuli fyrst og fremst taka mið af réttindum konunnar.

Í þessu samhengi tókum við undir orð Guðlaugar í bókinni *Rof. Frásagnir kvenna af fóstureyðingum*: „Það er heldur ekkert talað um karla sem fara í gegnum fóstureyðingar með konum, hvort sem þeir hafa viljað það eða ekki. Að langa í barnið og geta ekki neitt um það sagt

er örugglega mjög erfitt.“ Bls. 60.

Lög um fóstureyðingar nr. 25/1975 heimiluðu þær af félagslegum ástæðum. MKs er kunnugt um dæmi hjóna frá því á 10. áratugnum þar sem konan hafði eignast barn 12 mánuðum áður en hún varð þunguð að nýju. Konan vildi láta eyða fósturinu á þeim forsendum að of stutt væri milli barna, vegna fyrirsjáanlegs aukins álags í uppeldinu og að um áhættumeðgöngu yrði að ræða en karlinn vildi það ekki. Hjónin voru ágætlega stæð efnahagslega og félagslega og höfðu gott tengslabakland. Þau ræddu þennan ágreining við heimilislækninn (konu) sem tók afstöðu með sjónarmiði karlsins á þeirri forsendu að ekkert væri að félagslegum aðstæðum þeirra og fóstureyðing væri því í rauninni ólögæt. Konan féllst á það sjónarmið og gekk með barnið til fæðingar. Ætla má að þetta dæmi sé ekki einsdæmi í sögu laga 25/1975.

Með því að kveða svo fast að orði um sjálfsforræði kvenna í frumvarpinu eru hagsmunir feðra því fyrir borð bornir. Lagalega standa þeir uppi berskjaldaðri og með minni réttindi en áður burtséð frá því hver framkvæmd laga 25/1975 hefur verið. Þetta er að sjálfsgöngu í mótsögn við jafnréttisþróun síðustu ára. Það getur ekki verið hollt neinu sambandi, til dæmis hjónabandi, að annar aðilinn hafi allan rétt á einhverju sviði en hinn aðilinn engan rétt. Við óttumst að þessi ný og heimatilbúni réttindahalli geti orsakað meiri deilur milli hjóna og milli kynjanna almennt en hingað til hafa þekkt en umpólun þjóðfélagsins í konur/karla, vinstri/hægri er því miður áberandi um þessar mundir sem er þróun sem okkur hugnast ekki. Við horfum frekar til Heilagrar ritningar sem hvetur til eindrægni: „Þrennt er það sem ég hef yndi af og það er fagurt í augum Guðs og manna: samlyndi bræðra, vinfengi granna og hjón sem lifa saman í eindrægni.“ Síraksbók 25,1.

**Við I. kafla 2. grein:** Gerð er athugasemd við orðið „þungunarrof“ yfir lyfjagjöf eða aðra lækniáðgerð sem framkvæmd er að beiðni konu í því skyni að rjúfa þungun. Við teljum að með þessu orðalagi sé athygli beint frá þeirri staðreynd að í verknaðinum felst að bundinn er endir á líf fósturs.

**Við II. kafla 4. grein:** Ljóst er að þessi langi frestur, 22 vikur, sá næst lengsti á eftir Hollandi af þeim löndum sem nefnd eru í greinargerð með frumvarpinu er settur til að hægt sé að binda enda á þungun án þess að það sé réttlætt með tilvísun í sérstakar ástæður á borð við vansköpun, sjúkdóm, erfðir eða sköddun eins og gert var í lögum 25/1975. Hér vill MKs leggja sérstaka áherslu á að gætt sé varúðar því þetta mikla frelsi getur haft alvarlegar og afdrifaríkar afleiðingar í för með sér. Þekkt er að deyðingar fóstura í stórum stíl hafa haft þau áhrif að fækka einstaklingum sem tilheyra tilteknum hópum sem standa höllum fæti á einhvern hátt. Í Asíu bæði í Kína og á Indlandi hefur möguleikinn að kyngreininna fóstur leitt til þess að mun færri meybörn fæðast en sveinbörn. Hér á Íslandi var umræða fyrir ekki svo löngu því í ljós kom að kerfisbundin leit að litningafrávikum hefur leitt til þess að færri börn með tiltekið litningafrávik fæðast. Líklegt er að á næstu árum og áratugum verði auðveldara að kortleggja ýmsa eiginleika fósturs en nú er. Hér skortir okkur ímyndunarafli og forspá til að sjá fyrir hvaða hópar muni koma harðast niður. Hér er ekki verið að ásaka þær mæður sem taka þessar ákvarðanir heldur bent á að kalt veraldlegt lífsgæðamat sem oft á tíðum er ónákvæmt, skammsýnt og jarðbundið er hinn raunverulegi og undirliggjandi áhrifavaldur í þessum ákvörðunum.

Það er skiljanlegt að hugmyndafræðin um takmörkun á barneignum sem átti upphaf sitt fyrir rétt rúmum hundrað árum hafi fundið hljómgrunn í samfélögum þar sem algengt var að barnafjöldi hjóna færi langt

með fyrsta eða annan tuginn eins og gerðist fram yfir miðja síðustu öld en í dag þegar fyrir liggur að fólksfjölgun er ekki næg og flestu upplýstu fólki mega vera ljósar hinar alvarlegu lýðfræðilegu afleiðingar þá er engum stætt á því að fljóta með gagnrýnislaut eða án þess að gera eitthvað í málinu.

Það er gæfa að eignast barn og þótt það virðist óvelkomið í byrjun, mun barnið sjálft, verund þess og líf breyta aðstæðum foreldris í blessun og vekja fögnuð, sama hversu á horfðist í fyrstu. Þessa visku höfðu menn hér áður fyrr. Höfum við tapað henni? Ríkið getur því ekki haft það að stefnu að lífláta vaxandi barn í móðurkviði að vilja einnar manneskju og gildir einu þótt um móður þess sé að ræða. Það er siðferðilega óverjandi. Það er skaðlegt einnig. Hverja skaðar það? Móðirin tekur líf og það skilur eftir sig spor hjá henni sjálfri, jafnvel þótt hún afneiti því. Því hún gleymir því aldrei, innsta verund hennar, sálin sleppir ekki af því takinu. Það er svipað með önnur brot á lögmálum lífsins, að einstaklingurinn sjálfur verður að fullu og öllu að bera ábyrgð á gerðum sínum. Og standa klár við lokadóm. Ábyrgð okkar hinna er að hafa varað við.

**Við II. kafla 7. grein:** Við leggjum ríka áherslu á að þeir heilbrigðisstarfsmenn sem ekki treysta sér samvisku sinnar vegna að framkvæma eða aðstoða við framkvæmd þess að deyða fóstur í móðurkviði eigi rétt á að segja sig frá þeim aðgerðum. Þessi verknaður er ekki læknaaðgerð í neinum venjulegum skilningi og hann brýtur gróflega gegn læknaeiðnum sem allir læknar undirgangast. Í þessu sambandi minnum við á spurningu Olgu í bókinni *Rof. Frásagnir kvenna af fóstureyðingum* sem við svörum hiklaust neitandi: „Mér fannst starfsfólkið á deildinni svolítið kalt gagnvart mér eftir að ég tók lyfin. ... Mér fannst ég vera meðhöndluð eins og hlutur og velti fyrir mér hvort það væri rétta fólkið að vinna þarna. Ég á t.d. vinkonu sem er hjúkrunarfræðingur og er mjög andsnúin fóstureyðingum. Ætti hún að vera að vinna svona vinnu?“ Bls. 65.

**Við II. kafla 8. grein** um fræðslu og ráðgjöf: Hér mætti ganga enn lengra í orðalagi en gert er, t.d. taka fram að ráðgjöfin skuli vera veitt af aðilum sem hafa ekki hagsmunatengsl við stofnunina þar sem aðgerðin er framkvæmd. Það er skoðun okkar að það sé í besta falli óeðlilegt en í versta falli siðferðislega rangt að ráðgefandi aðilar hafi hagsmunatengsl við stofnunina þar sem aðgerðin fer fram. Sem dæmi um hagsmunatengsl má nefna ef bæði ráðgjafi sem gefur ráð og læknir sem framkvæmir aðgerðina þiggja laun frá sömu stofnun. Þær konur sem íhuga að binda enda á meðgöngu ættu að eiga kost á ráðgjöf óháðra sérfræðinga. Í þessu sambandi vitnum við aftur í bókina *Rof. Frásagnir kvenna af fóstureyðingum*:

Olga: „Ég velti fyrir mér hvort það sé alltaf rétt að mæla með þessu, því ég hefði ekki óskað eftir þessu fyrir neina stelpu sem væri í minnsta vafa um fóstureyðinguna. Maður fann rosalega mikið fyrir þessu ... En mér fannst upplýsingarnar um þessa aðferð ekki fullnægjandi. Mér var sagt að maður fyndi eiginlega ekkert fyrir þessu, sem stóðst ekki, heldur leið mér eins og ég hefði hreinlega kúkað fóstrinu í klósettið. Mér finnst þurfa að fara varlega með að ráðleggja konum að fara þessa leið.“ Bls. 65.

Agnes: „Á þessum tíma er ég eðlilega í uppnámi vegna framhjáhalds maka. Og það var það sem bæði félagsráðgjafi og læknir einblíndu á. Eftir á að hyggja undraði ég mig á þessu. Hvers vegna upplýsti mig enginn um meðlag, mæðralaun, systkinaafslætti í leikskóla og allt það ef áhyggjur mínar skyldu vera fjárhagslegar? Hví spurði mig enginn út í félagsegar aðstæður? ... Enginn spurði mig hvort bakland mitt væri sterkt. Enginn nefndi ættleiðingu sem möguleika.“ Bls. 110.

**Við III. kafla 9. grein:** Við erum andvíg því að almenningur greiði fyrir fósturdeyðingar, því það flytur ábyrgð og kostnað yfir á alla þegna landsins, eins og almenn sátt ríki um þær sem er ekki. Við lítum svo á að ákvæði 64. greinar stjórnarskrár Íslands um að enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að eigi einnig við um verknað eða athafnasemi sem stríði gróflega gegn trúarsannfæringu einstaklings. Þetta er mikilvægt sérstaklega í ljósi 11. greinar sama kafla en þar er tekið fram að brot gegn ákvæðum laganna fari samkvæmt almennum hegningarlögum og lögum um heilbrigðisstarfsmenn eftir því sem við á.

**Við III. kafla 10. grein:** Við gerum athugasemd við að skrá yfir „þungunarrof“ skuli vera ópersónugreinanleg því slíkt fyrirkomulag mun óhjákvæmilega hamlar rannsóknum á afleiðingum fósturdeyðinga. Hægt væri að halda skrá lyklaða með gerviauðkennum þannig að ekki væri hægt að rekja færslur í henni til einstaklinga nema með sérstöku leyfi Persónuverndar og þá aðeins í þágu rannsókna.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Málefnaþóps Kristinna stjórnmalasamtaka

Gígja Gísladóttir, Þinghólsbraut 45 Kópavogi

Guðjón Bragi Benediktsson, hagfræðingur Reykjavík

Guðmundur Pálsson, Kvisthaga 21 Reykjavík

Gunnar Karl Halldórsson, Grundargötu 28 Grundarfirði

Jón Hagbarður Knúttsson, fyrrv. sóknarpr. í Þjóðkirkjunni, Goðheimum 21 Reykjavík

Jón Valur Jensson, guðfræðingur, kt. 3108492279

María Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Freyjuvöllum 10 Reykjanesbæ

Ólafur Þórisson, guðfræðingur, Neðstaleiti 1 Reykjavík

Ragnar Geir Brynjólfsson, Baugstjörn 33 Selfossi

Rósa Aðalsteinsdóttir, Hafnarbyggð 37 Vopnafirði

Snorri Óskarsson, Lögbergsgötu 1 Akureyri

Steindór Sigursteinsson, Nýbýlavegi 28 Hvolsvelli

Tómas Ibsen Halldórsson, Hjallabraut 35 Hafnarfirði

Þórður Guðmundsson, guðfræðingur, Valshólum 4 Reykjavík